

Fyrirspurn

**til matvælaráðherra um gjaldtöku í sjókvíaeldi
og skiptingu tekna til sveitarfélaga.**

Frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur.

1. Telur ráðherra að núverandi gjaldtökum heimildir í laga- og reglugerðaumhverfi fiskeldis, og þá sjókvíaeldis, tryggi sveitarfélögum þar sem sjókvíaeldi er stundað nóg skýrar heimildir til töku gjalda af eldinu? Ef ekki, hyggst ráðherra koma með skýrari tillögur að gjaldtökum heimildum?
2. Telur ráðherra að núverandi gjaldtökum heimildir í laga- og reglugerðaumhverfi fiskeldis, og þá sjókvíaeldis, endurspeglji þann kostnað sem hvert og eitt sveitarfélag þarf að standa undir við uppbyggingu og þjónustu við sjókvíaeldi? Ef ekki, hyggst ráðherra koma með tillögur að betri gjaldtökum heimildum?
3. Telur ráðherra að núverandi gjaldtökum heimildir séu heppilegar til að dreifa tekjum af sjókvíaeldi á sveitarfélögin? Ef ekki, hvaða hugmyndir telur ráðherra að séu heppilegar til að dreifa tekjum jafnar í þeim sveitarfélögum þar sem sjókvíaeldi er stundað?